

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



Dags eftirlits	9.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrar	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	_Súluveg (Miðhúsavegi)	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4101696229	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Guðríður Friðriksdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Arnór Þorri og Viðar	Staðsetning	539861,247 575194,992

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávik frá kröfum starfsleyfis er opið. Snýr að losun kolmónoxíðs sem er yfir losunarmörkum. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun og skulu mælinganiðurstöður, sem sýna að úrbætur hafi skilað tilætuðum árangri, berast stofnuninni fyrir 1. september nk.

Tvö ný frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram við eftirlit.

- Grænu bókhaldi var skilað eftir 1. maí sl. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist stofnuninni.
- Árlegar mælingar á mengunarefnum í útblæstri stöðvarinnar voru ekki framkvæmdar árið 2023.

Tvær ábendingar voru gerðar.

- Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni og eru inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði (Fólkvangur í Glerárdal), sbr. Aðalskipulag Akureyrar.
- Rekstraraðila er bent á að senda afrit af þykktarmælingum og þrýstiprófunum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykkja áframhaldandi notkun búnaðarins.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnareftirlit. Farið var í reglubundið eftirlit með Malbikunarstöð Akureyrar sem staðsett er við Súluveg ofan Akureyrar. Starfsleyfið gildir til 2033.

Samþykkt deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina. Stöðin er rekin af Akureyrarbæ sem er með umhverfis- og samgöngustefnu (frá 2020) á heimasíðu sinni.

Viðstaddir eftirlitið voru Arnór Þorri Þorsteinsson verkefnastjóri og Viðar Geir Sigþórsson bæjarverkstjóri frá Akureyrarbæ og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og sérstaklega hreinsikerfa.
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun

1. Sest var niður á fundi með fulltrúum rekstraraðila. Eina opna frávik frá fyrri árum er frávik sem snýr að losun kolmónoxíðs sem er yfir losunarmörkum. Í mælingu á útblæstri árið 2021 mældist kolmónoxíð í útblæstri 1394 mg/Nm³ en eftir viðhald og viðgerðir var aftur mælt á árinu 2022 og mældist kolmónoxíð þá 767 mg/Nm³ sem er líka yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi (500 mg/Nm³). Árið 2023 var unnið að viðgerðum og viðhaldi á stöðinni. Viðhald og viðgerðir tóku allmikinn tíma og því var malbiksframleiðsla minni árið 2023 en undanfarin ár.

Rekstraraðilar telja að nú sé búið að komast fyrir vandann. Enn er blanda af lífdísels og hráolíu notuð sem eldsneyti á stöðina. Hlutfall lífdísels í eldsneytinu hefur þó verið lækkaður til þess að bæta bruna eldsneytisins og til þess að halda losunarmörk á útblæstri. Ekki tókst að mæla mengunarefni í útblæstri á árinu 2023, en í greinum 3.8 og 4.3 er krafa um árlega mælingu á ryki, kolmónoxíði og köfnunarefni NO_x (sem NO₂). Þetta er frávik frá kröfum starfsleyfis.

Umhverfisstofnun hefur gefið ítrekaða fresti og nú er sótt um fresti til 1. september nk. til þess að skila mælinganiðurstöðum og sýna fram á að stöðin uppfylli kröfur í starfsleyfi.

Rekstraraðili skilaði mælinganiðurstöðum fyrir olíu í frárennsli. Olía í frárennsli mælist ásættanlegt, þ.e. 16 mg/L sem er innan skekkjumarka en kröfur eru um að olía í frárennsli sé ekki meiri en 15 mg/L.

Olíugeyma skal þykktarmæla á 10 ára fresti eða að þeim er skipt út fyrir nýrri geyma. Olíulagnir sem eru neðanjarðar skal þrýstiprófa á 5 ára fresti. Rekstraraðili skal skila gögnum sem sýna fram á að kröfum um þrýstiprófanir neðanjarðarlagna fyrir olíu og þykktarmælingum olíugeyma í olíureglugerð (nr. 884/2017) sé fylgt.

2. Í starfsleyfi er gerð krafa um að þrjár *skriflegar áætlanir*. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda og áætlun um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri. Allar

áætlanir eru nýlegar og er ekki gerð athugasemd við skriflegar áætlanir verksmiðjunnar.

Tvenn *gagnaskil* eru áskilin í starfsleyfi. Skila skal niðurstöðum eftirlitsmælinga fyrir lok þess árs sem mælingarnar eru framkvæmdar, og grænu bókhaldi hvers árs skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí næsta ár á eftir. Grænt bókhald vegna ársins 2023 barst eftir 1. maí og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi og eins frá kröfum í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Frávikinu er þó lokað þar sem grænt bókhald Malbikunarstöðvar Akureyrar barst þann 30. júní sl.

3. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður notað við gerð eftirlitsáætlunar næsta árs.

4. Í deiliskipulagi (2009) fyrir malbikunarstöðina er gert ráð fyrir tilfærslu á búnaði á lóð stöðvarinnar og lóðarmörk dregið 45 m frá gilbrún Glerárgils til þess að gott aðgengi gangandi sé að Glerárdal og Súlum. Akureyrarbær, eigandi stöðvarinnar, hefur hafið framkvæmdir við gerð manar og göngustígs upp með malbikunarstöðinni og fyrirhugað er að planta trjám í trjábelti austan og norðan við stöðina. Enn er þó margt ógert til þess að uppfylla kröfur í deiliskipulagi. Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni, inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði Glerár, sbr. Aðalskipulag Akureyrar.

5. Gengið var um stöðina. Skoðuð var aðstaða við geymslu uppsóps af götum Akureyrarbæjar og afrennsli af því í nálæga olíuskilju. Olíugeymar á athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar voru einnig skoðaðir.

Skoðaðar voru framkvæmdir á lóðarmörkum og vinna við færslu stöðvarinnar af barmi Glerárgils.

Skoðaðar voru hellur og gúmmihellur sem bærinn geymir á lóð stöðvarinnar og efnishauga sem fyrirhugaðir eru í hjólastíga ofan bæjarins. Margt af þessu tengist ekki rekstri malbikunarstöðvarinnar en veldur álagi og gerir starfsmönnum erfitt fyrir með að uppfylla kröfur starfsleyfisins. Farið er fram á að aðskilja betur rekstur malbikunarstöðvarinnar frá annarri starfsemi Akureyrarbæjar og að ljúka framkvæmdum til þess að uppfylla ákvæði deiliskipulags lóðarinnar.

Umhverfisstofnun barst ein ábending (júní) um óhóflegan reyk (ryk) í útblæstri stöðvarinnar. Engin mengunaráhöpp orðið.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

ákvæði grein 4.5 um skil á grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert eins og tilskilið er í starfsleyfi og reglugerð um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst 30. júní sl. Frávikinu er því lokað.

ákvæði í grein 4.3 um að gera einu sinni á ári mælingar vegna losunarmarka í grein 3.8 (losunarmörk í útblæstri). Engar mælingar á mengunarefnum í útblæstri voru framkvæmdar á árinu 2023.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar.

1. Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúnni og eru inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði (Fólkvangur í Glerárdal), sbr. Aðalskipulag Akureyrar.
2. Rekstraraðila er bent á að senda afrit af þykktarmælingum olíugeyma og þrýstiprófunum á niðurgrofnum olíulögnum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykkja áframhaldandi notkun búnaðarins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.08.2024



Gottskálk Friðgeirsson